

Alþingi
Erindi nr. Þ 141/1585
komudagur 14.2.2013

14.2.2013

Góðan daginn

Sendi hér í tölvupósti umfjöllun bæjarráðs Fljótshálsa um fjögur frumvörp sem send voru til umsagnar sveitarfélagsins. Eftirfarandi var fært til bókar um þessi frumvörp:

Með góðri kveðju

Stefán Bragson.

201302014 - Frumvarp til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174.mál /Til umsagnar

Lagður fram tölvupóstur frá Kristjönu Benediktsdóttur, hjá nefndarsviði Alþingis, dagsettur 4.febrúar 2013, með beiðni um umsögn vegna tillögu til þingsályktunar um millilandaflug um Hornafjarðarflugvöll, 174.mál

Bæjarráð Fljótshálsa telur þá hugmynd sem fram kemur í tillögunni allsendis ótímabæra og að skynsamlegra og hagkvæmara sé að nýta það fjármagn sem til staðar er til að byggja upp, styrkja og markaðssetja þá millilandaflugvelli sem þegar eru í landinu. Benda má tillöguflytjendum á að fleiri en ein aðkomuleið er að Vatnajökulsþjóðgarði og millilandaflugvelli er að finna bæði norðan hans og austan.